

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Vilhjálms Fenger.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Vilhjálms Fenger. Vilhjálmur Fenger fæddist 26. febrúar 1952 og lést 21. október 2008. Sjóðurinn er stofnaður af 1912 ehf., kt. 430999-2229.

2. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er að fjárhæð kr. 5.000.000 í reiðufé, sem stofnandi leggur sjóðnum til sem stofnfé við stofnun hans.

Stofnfé sjóðsins mun verða ávaxtað samkvæmt ákvörðun stjórnar.

Ávoxtun stofnfjár ásamt öðrum framlögum og styrkjum sem sjóðnum áskotnast verður notað í samræmi við tilgang sjóðsins eins og hann birtist í 4. gr. skipulagsskráinnar.

Ráðstöfunartekjur sjóðsins eru vaxtatekjur og annar arður af stofnfé og annað fé sem sjóðnum kann að áskotnast. Sjóðurinn veitir viðtöku hvers konar gjöfum og framlögum frá einstaklingum, fyrirtækjum og félögum.

Stjórn sjóðsins annast styrkveitingar úr sjóðnum og setur sér frekari úthlutunarreglur.

Engin sérréttindi í sjóðnum tilheyra stofnanda hans.

4. gr.

Megintilgangur sjóðsins er að stuðla að og styrkja íþróttá-, menningar-, heilbrigðis- og góðgerðarstarfsemi á Íslandi. Markmiðum sínum hyggst sjóðurinn ná með því að veita styrki til einstaklinga, félaga, félagasamtaka og samfélaga af ýmsum toga sem vinna samkvæmt tilgangi sjóðsins að mati stjórnar.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þemur einstaklingum. Eftirlifandi eiginkona og börn Vilhjálms skulu sitja í stjórn sjóðsins eða fulltrúar tilnefndir af þeim. Við fráfall framangreindra aðila skulu afkomendur þeirra sitja í stjórn sjóðsins eða fulltrúar tilnefndir af þeim.

Kjörtímabil stjórnar er eitt ár.

Stjórnin setur sér starfsreglur um störf sín og skiptir með sér verkum.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárvörslu sjóðsins, tekur ákvarðanir um rekstur sjóðsins og hvernig markmiðum hans sé best náð.

6. gr.

Sjóðurinn skal hafa sjálfstæðan fjárhag og kennitölu og skal stjórn sjá til þess að bókhald sjóðsins verði fært. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Fyrsta reikningstímabil sjóðsins er frá stofnun og til næstu áramóta. Stjórn sjóðsins kýs lögiltan endurskoðanda eða skoðunarmann sjóðsins og skulu reikningar lagðir fyrir stjórn sjóðsins sem sendir þá Ríkisendurskoðun í samræmi við ákvæði laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

7. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari en til þess þarf samþykki allra stjórnarmanna og staðfestingu sýslumanns.

Samþykki allra stjórnarmanna og staðfestingu sýslumanns þarf til að leggja sjóðinn niður. Skal eignum hans þá ráðstafað í samræmi við tilgang sjóðsins.

8. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Nr. 255

26. febrúar 2014

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 26. febrúar 2014,

Björn Ingi Óskarsson.

Lára Kristín Gísladóttir.

B-deild – Útgáfud.: 12. mars 2014